

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010	ENS S936 Kennsluáætlun Haustönn 2011	
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2		

Kennari	Harpa Jörundardóttir	Sk.st.	HJD
----------------	----------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Farið er í námstækni greinarinnar og nemendum kennt að nota orðabók. Lögð verður meiri áhersla á að nemendur tileinki sér hagnýtan orðaforða til daglegra samskipta. Minni rækt er lögð við hefðbundna málfræðikennslu. Meiri áhersla er hins vegar lögð á allskonar orðaforðaæfingar, ritunarverkefni og hlustun. Mikið er lagt upp úr virkri þátttöku nemenda í kennslustundum.

Markmið: Markmið áfangans er að hjálpa nemendum að byggja ofan á þá kunnáttu sem þeir hafa við upphaf áfangans og aðstoða þá við að öðlast færni og sjálfstraust í meðferð tungumálsins.

Námsgögn: Allt námsefni kemur frá kennara. Stuttar smásögur, fjölritaðar glósur, orðabækur, tölvuorðabækur, kvikmyndir. Stuðst verður við námsumhverfið Moodle eins og frekast er unnt.

Áætlun um yfirferð:

Vika 34 – 37 22. ág – 18. sept	Nemendur og kennari kynnast samhliða því að þarfagreining nemenda verður unnin. Nemendum kynnt hvernig námsumhverfið Moodle verður nýtt. Lestur á styttri textum og ýmis verkefni. Farið í notkun orðabóka og glósutækni. Notkun persónufornafna og sagna í einfaldri nútíð/pátíð. Stutt ritunarverkefni ásamt smáverkefnum sem tengjast lestextum. Horft á kvikmyndina Indiana Jones and the Temple of Doom og verkefni henni tengd unnin í tímum.
Vika 38 – 41 19. sept – 16. okt	Lesnar verða 2 til 3 smásögur (upplestur verður aðgengilegur nemendum) og þær skoðaðar út frá efni og uppbyggingu. Unnin verða margvísleg verkefni tengd sögunum og nemendur búnir undir að skrifa smásögu saman í hópum. Óreglulegar sagnir verða rifjaðar upp í samhengi við daglegan orðaforða.
Vika 42 – 45 17. okt – 13. nóv	Lögð verður áhersla á hlustun og unnin fjölbreytileg verkefni tengd því sem hlustað er á. Nemendur lesa inn verkefni og skila til kennara (nánar útskýrt þegar þar að kemur). Lesnir verða stuttir textar og orðaforði styrktur.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010	ENS S936 Kennsluáætlun Haustönn 2011	
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2		

	Farið verður í greiningu orða í helstu orðflokka, þ.e. nafnorð, sagnorð og lýsingarorð.
Vika 46 – 47 18. nóv – 27. nóv	Samantekt á vinnu nemenda yfir önnina. Upprifjun á helstu þáttum námsefnisins Horft á kvikmynd sem nemendur velja sjálfir og verkefni unnin.
Vika 48 – 49 28. nóv – 11. des	Prófavika / þemavika

Námsmat	Vægi
Ástundun og þátttaka í tímum (<i>mæting skv. Innu</i>)	12%
Ritunarverkefni (<i>meðaltal þeirra verkefna sem skilað er inn</i>)	10%
Hlustunarverkefni (<i>meðaltal þeirra verkefna sem skilað er inn</i>)	10%
Kvikmyndaverkefni (<i>meðaltal þeirra verkefna sem skilað er inn</i>)	8%
Málfræði og önnur smáverkefni	10%
Lokapróf (<i>í annarlok</i>)	50%

Dagsetning: 22.ág., 2011

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils